



## Fundargerð

425. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
fimmtudaginn 12. júlí 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Árný Huld Haraldsdóttir varaoddviti (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK).

Fundargerð er rituð á tölvu og er 6 blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

#### 1. 421. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 9. maí 2018.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. 422. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 17. maí 2018.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 3. 423. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 4. júní 2018.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 4. 424. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 12. júní 2018.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 5. Skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd 9. júlí 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

##### 5.1 1407010 - Kosning formanns og varaformanns nefndarinnar.

*Sveitarstjórn samþykkir kjör Karls Kristjánssonar sem formanns nefndarinnar og Jóhönnu Aspar Einarsdóttur sem varaformanns nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

##### 5.2 1708019 - Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar um Vestfjarðaveg 60.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar um frestun á auglýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar á meðan kannaður verði frekar sá möguleiki sem fram kemur í skýrslu ráðgjafa frá Multiconsult. Samþykkt samhljóða.*

- 5.3 1505002 - Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kirkjubóls.  
*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar um birtingu skipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*
- 5.4 1807011 - Úthlutun lóða í þéttbýli Reykhóla, stofnun lóða.  
*Sveitarstjórn samþykkir að stofnaðar verði lóðirnar Hellisbraut 40, 46 og 54. Samþykkt samhljóða.*
- 5.5 1807012 - Húsnæðismál á Reykhólum.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um byggingu sveitarfélagsins á parhúsum við Hólatröð 5 og 7. Samþykkt samhljóða.*
- 5.6 1805012 - Slökkviskýli í Flatey, grenndarkynning.  
*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*
- 5.7 1807014 - Viðbrögð við olíumengun.  
*Sveitarstjórn samþykkir að Jón Kjartansson sæki fund UST í Reykjavík þann 17. júlí. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

## 6. 35. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

### Mál til afgreiðslu.

#### 1. 1807002- Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps, endurskoðun samþykktar.

*Lögð er fram samþykkt um stjórn Reykhólahrepps. Gerðar eru eftirfarandi breytingar.*

##### 2. mgr. 7. greinar;

*Skal kjörtímabil þeirra vera fjögur ár.*

##### 1. mgr. 8. greinar;

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í stjórnsýsluhúsinu að Maríutröð 5a, annan þriðjudag í mánuði kl. 15.00.*

##### 39. gr.

*Liður 7 fellur út.*

*Liðir 8 og 9 verða liðir 7 og 8.*

*Við bætast 3 liðir;*

*9. Svæðisskipulagsnefnd. Sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar skipa tvo fulltrúa hver í nefndina og jafnmarga til vara.*

*10. Öldungaráð. Sveitarstjórnir Dalabyggðar og Reykhólahrepps skipa tvo fulltrúa hver og tvo til vara.*

11. Ungmennaráð. Í ungmennaráði eiga sæti fimm fulltrúar á aldrinum 13-15 og fimm til vara. Kosið er í ungmennaráð á ungmennapeingi sem haldið er í september ár hvert. Tómsfundafulltrúi starfar með ráðinu.

*Ofangreindar breytingar eru samþykktar og er samþykktinni vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.*

2. 1807003 - Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykhólahreppi, endurskoðun skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011.

*Fram eru lagðar siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykhólahreppi til endurskoðunar. Engar tillögur um breytingar eru gerðar. Siðareglum vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.*

3. 1807004- Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Reykhólahrepps, endurskoðun.

*Lögð er fram samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Reykhólahrepps til endurskoðunar. Engar tillögur eru gerðar til breytinga og heldur samþykktin því gildi sínu. Samþykkt samhljóða.*

4. 1807005 - Ráðning sveitarstjóra Reykhólahrepps.

*Lagt er fram tilboð frá Capacent og Hagvangi í ráðningu sveitarstjóra. Sveitarstjórn samþykkir tilboð Capacent og felur oddvita að hafa umsjón með samskiptum við Capacent. Samþykkt samhljóða.*

5. 1807006 - Ráðning hjúkrunarforstöðumanns Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar.

*Lagt er fram tilboð frá Capacent í ráðningu hjúkrunarforstöðumanns. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og felur oddvita að hafa umsjón með samskiptum við Capacent. Samþykkt samhljóða.*

6. 1708019 - Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar um Vestfjarðarveg 60.

6.1 Óháð rýni, skýrsla Multiconsult.

*Lögð er fram skýrsla ráðgjafa Multiconsult. Í skýrslunni kemur fram nýr kostur á vegagerð um Vestfjarðarveg 60, svokölluð R leið sem liggur um Reykjanesið að Árbæ með brú þaðan yfir á Skálanes. Multiconsult kynnti skýrslu sína á Reykhólum 27. júní s.l. Sveitarstjórn samþykkir að fara fram á það við Vegagerðina að taka til skoðunar leið R eins og hún er sett fram í skýrslu Multiconsult. Samþykkt samhljóða.*

6.2 Erindi frá íbúum Árbæjar og Staðar.

*Erindi lagt fram, sveitarstjórn skilur áhyggjur ábúenda gagnvart niðurstöðu skýrslu Multiconsult. Sveitarstjórn mun taka tillit til sjónarmiða landeigenda eins og kostur er, verði R leið fyrir valinu. Samþykkt samhljóða.*

7. 1807009 - Sumarlokun skrifstofu.

Lagt er fram erindi sveitarstjóra varðandi sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins, þar sem lagt er til að skrifstofan verði lokuð frá og með 23. júlí, til og með 3. ágúst. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða, tilkynning um sumarlokun skal birt á vef sveitarfélagsins.

**8. 1807007 - Skipan fulltrúa í svæðisráð strandsvæðaskipulags Vestfjarða, undirbúningur.**

Erindi frá Vestfjarðastofu dagsett 4. júlí 2018.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir tillögu Vestfjarðastofu að tilnefningu fulltrúa í svæðisráð strandsvæðaskipulags. Sveitarstjórn fagnar að vinna við svæðisskipulag strandsvæða sé að hefjast. Samþykkt samhljóða.

JÖE fór af fundi.

**9. 1807001 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi.**

Erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 26. júní 2018 varðandi dansleik í íþróttahúsi Reykhólahrepps á Reykhóladögum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu tækifærisleyfis í tilefni af dansleik í íþróttahúsi Reykhólahrepps þann 28. júlí. Sveitarstjórn leggur áherslu á það að aldurstakmark verði 18 ár. Sveitarstjórn leggur áherslu á að óheimilt er að veita eða afhenda einstaklingi áfengi sem ekki hefur náð 20 ára aldri sbr. 18. gr. áfengislaga. Samþykkt samhljóða.

JÖE kom aftur inn á fund.

**10. 1807016 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi.**

Erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 5. júlí 2018 vegna útgáfu rekstrarleyfis til rekstur gististaðar í flokki II, að Mýrartungu.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Mýrartungu, með fyrirvara um samþykki slökkviliðsstjóra og byggingafulltrúa. Samþykkt samhljóða.

**11. 1807008 - Ósk um leyfi til notkunar á skjaldamerki Reykhólahrepps á minjagrip.**

Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni dagsett 8. júní 2018.

Sveitarstjórn veitir ekki leyfi fyrir notkun skjaldamerkis sveitarfélagsins með firmamerkjum á söluvarning. Hinsvegar er sveitarstjórn jákvæð fyrir notkun merkisins á söluvarning þar sem það stendur eitt og sér og nýtur sín. Umsóknir þess efnis þarf að taka fyrir hjá sveitarstjórn hverju sinni. Samþykkt samhljóða.

**12. 1801007 - Ný persónuverndarlöggjöf.**

10.1 Ráðning persónuverndarfulltrúa.

Lagður er fram verk- og þjónustusamningur frá Pacta lögmönnum. Sveitarfélögin Reykhólahreppur og Strandabyggð hafa farið þess á leit við Pacta lögmenn að sveitarfélögin vinni saman að innleiðingu nýrra laga um persónuvernd. Samningurinn tekur til verkefnisstjórnunar, ráðgjafar og lögfræðiþjónustu Pacta fyrir sveitarfélagið við innleiðingu nauðsynlegra breytinga á vinnslu, skráningu, meðhöndlun og vistun persónuupplýsinga til samræmis við reglugerð ESB 2016/679 og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hluti samningsins er að lögmaður hjá Pacta gegni starfi persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samninginn með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Strandabyggðar. Samþykkt samhljóða.

*Reykholahreppur mótmælir harðlega vinnubrögðum ríkisins að samþykkja lög sem valda sveitarfélögum verulegum fjárútlátum, án kostnaðargreiningar og án þess að fjármunir fylgi verkefninu. Samþykkt samhljóða.*

JÖE fór af fundi.

**13. 1807017 - Ósk um tímabundið leyfi til búfjárhalds innan þéttbýlis.**

Erindi frá tómstundafulltrúa dagsett 5. júlí 2018 vegna viðburðar á Reykhóladögum.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita tómstundafulltrúa sem skipuleggjanda Reykhóladaga tímabundið leyfi til búfjárhalds í tilefni af Reykhóladögum 27. júlí 2018 frá kl. 15 - 20, með teknu tilliti til dýraverndarlaga. Samþykkt samhljóða.*

JÖE kom aftur inn á fund.

**14. 1801006 - Alþingi, frumvörp og þingsályktanir.**

10.1 Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnu persónuupplýsingar, 622. mál.

*Sveitarstjórn vísar í bókun undir lið 12.*

**15. 1807024 - Fyrirspurn um fríðindi eldri borgara.**

Fyrirspurn frá Dagnýju Stefánsdóttur Seljanesi dagsett 15. júní 2018.

*ÁHH lagði fram tillögu;*

*Ég vil leggja fram þá tillögu að mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps verði falið að búa til styrktar- og samstarfssamning við Félag eldri borgara Dala og Reykhólahrepps. Samningurinn gæti falið í sér að meðlimir í félaginu fái frían aðgang að Grettislaug og bókasafni gegn framvísun félagskorts. Í stað þess gæti sveitarfélagið óskað eftir samvinnu við félagið við grunnskóla, Barmahlíð, bókasafn og atburði á vegum sveitarfélagsins.*

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar.**

**16. 1510008 - Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030, staðfesting.**

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 5. júní 2018

*Sveitarstjórn fagnar staðfestingu á svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 -2030. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til viðræðna við umrædd sveitarfélög til að vinna að undirbúningi að framkvæmd skipulagsins. Samþykkt samhljóða.*

**17. 1807018 - Ný og breytt lög um félagsþjónustu sveitarfélaga taka gildi 1. október 2018.**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 19. júní 2018.

*Lagt fram og kynnt.*

**18. 1807019 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands.**

Erindi frá afmælisnefnd Alþingis dagsett í maí 2018.

*Lagt fram og kynnt.*

19. 1807020 - Starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti dagsett 18. maí 2018.

*Lagt fram og kynnt.*

20. 1807021 - Styrkir fyrir sveitarfélög til að setja upp opin þráðlaus net í almenningsrýmum.

*Lagt fram og kynnt.*

21. 1807022 - Fundargerð 6. stjórnarfundur Vestfjarðastofu 26. júní 2018

*Fundargerð lögð fram.*

22. 1801003 - Fundargerð 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Fundargerð lögð fram.*

23. 1807023 - Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2017.

*Ársskýrsla lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

24. 1807025 - Málefni bókhlöðunnar í Flatey.

Lögð eru fram bréf frá Minjavernd og Þjóðminjasafni Íslands.

*Í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands, samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps að ganga til samninga við Þjóðminjasafn Ísland um varðveislu bókhlöðunnar í Flatey og færa þar með bókhlöðuna til þjóðarinnar til eignar og varðveislu. Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:50.

---

---

---

---

---

---